

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála
b.t. Hjálta Steinþórssonar, framkvæmdastjóra
Skúlagötu 21
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. apríl 2007

Efni: Dettifossvegur - ahugasemdir við umsögn Skipulagsstofnunar

Vísað er til umsagnar Skipulagsstofnunar, dags. 27. mars 2007, sem barst hinn 12. apríl sl. Í umsögninni er vísað til þess að svæðisskipulag miðhálandisins hafi verið staðfest af ráðherra með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum. Þá segir að niðurstaða í mati á umhverfisáhrifum hafi legið fyrir með álitni Skipulagsstofnunar 27. júlí 2006 og þar hafi komið fram að lagning Dettifossvegur samkvæmt veglínu B myndi hafa varanleg og óafturkræf áhrif á jarðmyndanir, landslag og ásjón svæðisins. Orðrétt segir síðan: „*Skipulagsstofnun taldi sér engan veginn fært að mæla með því að Skútustaðahreppur veitti leyfi fyrir framkvæmd sem Skipulagsstofnun hafði áður í álitni sínu talið hafa verulega neikvæð og óafturkræf áhrif og sem í Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 er með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum.*“

Vegna þessa er nauðsynlegt að gera eftirfarandi athugasemdir:

Í 12. gr. a laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 110/1993, var svohljóðandi ákvæði: *Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda sem lög þessi taka til, hefja framkvæmdir eða staðfesta skipulagsáætlanir samkvæmt skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964, ásamt síðari breytingum, nema ákvæða laga þessara hafi verið gætt.* Svæðisskipulag miðhálandisins var hins vegar samþykkt á grundvelli núgildandi skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 í gildistíð laga nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum. Með núgildandi skipulags- og byggingarlögum og jafnframt nýjum lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, sbr. lög nr. 74/2005, um breytingu á þeim lögum, hefur orðið grundvallarbreyting á lagaumhverfinu og slíkur fyrirvari nú markleysa ein að lögum. Nánari umfjöllun um hið nýja lagaumhverfi má finna í kæru Skútustaðahrepps.

Benda má á að þrátt fyrir þetta má á leiðbeiningarblaði Skipulagsstofnunar nr. 5, um samþykkt og staðfestingu skipulagsáætlana, 2. útgáfu frá því í október 2006, finna eftirfarandi klausu: „*Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum er óheimilt að staðfesta skipulagsáætlanir nema ákvæða laganna hafi verið gætt. Samþykkt og staðfesting skipulagsáætlana þarf því að vera með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem háðar eru lögunum.*“ Leiðbeiningar þessar byggjast á misskilningi, sbr. það sem áður segir.

Ástæða er einnig til að gera athugasemd við þá fullyrðingu í bréfi Skipulagsstofnunar að niðurstaða í mati á umhverfisáhrifum hafi legið fyrir með álitni Skipulagsstofnunar 27. júlí 2006. Í

samræmi við ákvæði laga nr. 106/2000, sbr. lög nr. 74/2005, annast framkvæmdaraðili matið og skilar skýrslu, sbr. 10. gr. laganna, um mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar. Á grundvelli 11. gr. er það síðan hlutverk Skipulagsstofnunar að gefa álit sitt á því hvort skýrslan uppfylli skilyrði laganna og reglugerða samkvæmt þeim og að umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt. Álitð felur því í sér lok málsmeðferðar sjálfs matsins en ekki niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum. Þessi fullyrðing stofnunarinnar, sbr. einnig 3. lið í kæru Skútustaðahrepps, endurspeglar þá staðreynd að Skipulagsstofnun hefur enn ekki aðlagast því nýja hlutverki sínu að gefa álit á matsskýrslu í stað þess að kveða upp úrskurð um mat á umhverfisáhrifum og hvort fallist sé á viðkomandi framkvæmd eða ekki.

Ítrekaðar eru fyrri röksemdir í kæru Skútustaðahrepps.

Virðingarfyllt,
f.h. Jónasar A. Aðalsteinssonar hrl.

Dýrleif Kristjánsdóttir hdl.